

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 14. janúar 2021 kl. 09:30

Mættir,

Guðjón Guðjónsson, Guðlaugur Jónsson, Björn Ármannsson, Sigþór Hilmar Guðnason, Birgir Sigurjónsson, Einar Eiríksson, Árni Bjarnason, Árni Sverrisson og Páll Ægir Pétursson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Á að leyfa hunda í einhverjum sumarbústaða okkar?
2. Á að breyta fyrirkomulagi útleigu íbúða félagsins þannig að:
 - a) í öllum íbúðum verði hreint lín á öll rúm, handklæði og tuskur til afnota fyrir félagsmenn og gesti hans.
 - b) það verði þrifið eftir hverja leigu.
3. Íbúðamál, frekari endurnýjun, staðsetning, nýting, leiguverð íbúða í samanburði við aðrar o.fl.
4. Ákvörðun á upphæð styrkja og sjúkradagpeninga ársins 2021
5. Félagsgjald - umræða
6. Farið yfir hugmyndir sem fram hafa komið um breytingar á lögum og strúktúr félagsins.
7. Önnur mál.

Árni Bjarnason formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrárliðina. Notast var við fjarfundabúnað fyrir þá sem ekki komust á fundarstað.

Mál 1. Tekið fyrir fyrsta mál á dagskrá, hundamálið og rakti ÁB hvernig þetta mál er tilkomið, en það kom tillaga frá nokkrum fundarmönnum á jólafundinum 30 des. sl. um að leyfa hundahald í einum eða tveimur bústöðum félagsins á Laugarvatni. Lögð var því á þessum fundi fram hugmynd til stjórnar að heimila hundahald í einum bústað, Laugarbóli. Málið var nokkuð rætt, algengast er að þetta sé bannað hjá öðrum stéttarfélögum, en það er nokkuð algengt að fólk í einkabústöðum á Laugarvatni séu með hunda sína hjá sér. Gulli taldi ónæði af hundahaldi og ekki rétt að leyfa það, Jonni og Sissi voru því sammála. Greitt var atkvæði um málið og var samþykkt að leyfa ekki hundahald.

Mál 2. ÁS hefur kannað málið og sagði það vaxandi hjá öðrum stéttarfélögum að í íbúðum sé hreint lín á öll rúm, handklæði og tuskur til afnota fyrir félagsmenn og gesti. Því fylgir að vísu nokkuð aukinn kostnaður sem hækkar vikuleigu á íbúðum og fór ÁS yfir það. Mikill vilji er til þess að breyta þessu hjá okkar félagsmönnum enda er almenn ánægja með þetta fyrirkomulag hjá öðrum stéttarfélögum. Sólar ehf. gerði FS tilboð og skýrði ÁS hvað í því felst en fyrirtækið sérhæfir sig í alhliða ræstingum fyrir fyrirtæki, stofnanir og húsfélög.

ÁS bar saman verð fyrir útleigu íbúða hjá Afli, VM og FS og var nokkur mundur á vikuleigu á íbúðum stéttarfélaganna þar sem FS hefur verið með lágsta verðið.

Rætt var nánar um vilja manna hvað varðar breytingarnar, en í tilboði Sólar er innifalið hreint lín þegar félagsmenn koma í íbúðirnar og í lok leigutímans kemur aðili og þrífur íbúðirnar, allt „spitt & span“. Fólk hins vegar tekur utanaf rúmfötum eftir dvölinu og safnar sama óhreinu tauu og með þessum breytingum verður verðlagning svipuð og hjá Afli stéttarfélagi. VM er hins vegar með nokkuð hærri verðlagningu á

vikuleigu sinna íbúða. Hinn möguleikinn er að hafa fyrirkomulagið óbreytt. Fundarmenn voru almennt á því að breyta þessu og taka tilboði Sólar. Eftir nokkrar vangaveltur, voru menn á því að það þyrfti að kanna kosti þessara breytinga og kostnaðinn líka eftir árið og upplýsa félagsmenn. Fundarmenn voru á því að þeir vildu hafa þessi mál í lagi og félagsmenn sátta og ánægða. Ákveðið var að taka tilboði Sólar með öllum greiddum atkvæðum og byrja á þessu fyrirkomulagi þegar Birgir hættir störfum 1 apríl eins og áður koma fram. Stjórn FS samþykkir breytt fyrirkomulag á útleigu íbúða félagsins.

Mál 3. Næsta mál á dagskrá var íbúðarmál. ÁB taldi að hægt væri að gera íbúðirnar í Reykjavík þannig úr garði að þær verði allar af sama gæðastaðli en í dag er ástand þeirra misjafnt vegna aldurs fyrst og fremst. ÁS sagði að nýrri íbúðirnar væru vinsælli en þær gömlu en það þarf að taka ákvörðun um hvað gera skal. Sum stéttarfélög hafa farið út í það að hafa allar íbúðir á sama stað til hagræðingar, jafnvel í sömu blokkinni og hann benti jafnframt á að ekki væri mikið um kvartanir frá öðrum íbúum þeirra húsa þar sem félagið á íbúðir. Í dag á félagið þrjár íbúðir í nágrenni við Borgarleikhúsið og aðrar þrjár nálægt Hlemmi. Almenn ánægja hefur verið með staðsetningu íbúðanna hjá félagsmönnum utan af landi og fólki þykir gott að vera miðsvæðis. Það hefur komið upp hugmynd um að selja íbúðina í Neðstaleiti sem er elsta íbúðin á því svæði og kaupa aðra nýrri í nágrenninu.

Gulli benti á að íbúðin í Furulundi á Akureyri hefða breyst mjög til batnaðar eftir endurnýjun og væri í dag mjög góð. Sissi spurði um verðmæti íbúðanna nálægt Hlemmi og hvort kæmi til greina að selja þær og kaupa aðrar ódýrari og betri í úthverfi Reykjavíkur. Hann sagðist hins vegar vita að fólk væri almennt ánægt með staðsetningu nálægt miðbæ Reykjavíkur. Það mál hefur ekki verið sérstaklega skoðað og leyst fundarmönnum betur á núverandi staðsetningu. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að þeir nafnar færu í að skoða þessi mál nánar, athuga með sölu á íbúð félagsins í Neðstaleiti og koma með tillögur á næsta stjórnarfund.

Mál 4. ÁS fór yfir félagsgjöld sem félagsmenn borga í sjóði FS. Hann nefndi að kjósa skuli á fyrsta stjórnarfund hvers árs í stjórn styrkar- og sjúkrasjóðs. ÁS fór yfir hin ýmsu mál sem stykt eru s.s. tæknifríðkvun, sjúkrabjálfun, útfararkosnað, sjúkradagpeninga svo nokkur dæmi séu nefnd og bar saman við sambærilega styrki annara stéttarféлага. Hann sýndi styrktarupphæðir eins og þær hafa verið hjá FS og breytingar sem lagðar eru til. Nokkur umræða varð um sjúkrabjálfun en mikið hefur verið um styrktar beiðnir í þeim málaflokki og rætt var um þá sérstöðu sem sjómenn eru í starfa sinna vegna. Fundarmenn voru sammála því að nauðsynlegt væri að styrkja félagsmenn í sjúkrabjálfun eðli málsins samkvæmt. Styrkir vegna námskeiða komu einnig til umræðu og kom tillaga frá ÁS um að búnað yrðu til reglur varðandi upphæðir og námskeið sem styrkt yrðu í framtíðinni, eitthvað grunngjald og ákveðið hlutfall af eingreiðslu. Sissi minntist á að menn væru mis-duglegir að sækja rétt sinn og hvort setja ætti þak á þá upphæð sem félagsmenn fengju út úr styrktarsjóðum samtals. Það þurfa að vera strangar reglur um hámarks upphæð fyrir hvern og einn félagsmann að hans mati. ÁS ætlar að gera greiningu meðal félagsmanna hvort þessar aths. skeri í augu og þurfi þá nánari skoðunar við. Sumir menn nýta sér alla mögulega styrki en aðrir sækja aldrei um neitt. ÁB nefndi að horfa verði með öðrum augum á þau tilvik þegar menn eru á sjúkradagpeningum og voru menn sammála því. Fundarmenn voru samþykkir þessum breytingum á styrkja og sjúkradagpeningum. Allar þessar breytingar verða setta inná heimasíðu félagsins og þar verður hægt að nálgast þær upplýsingar og koma með fyrirspurnir til skrifstofunnar.

Mál 5. Fram kom hugmynd eins fundarmanns á jólafundinum 30 des. sl. að setja ætti þak á félagsgjöld. ÁS fór yfir tekjur félagsins og hvaðan þær koma: Til félagssjóðs 37%, greiðslumiðlunar 7%, orlofsheimilissjóðs 13%, sjúkrasjóðs 39% og starfsmenntunarsjóðs 4%. ÁB nefndi að þrátt fyrir að félagið væri fjárhagslega vel stætt, þyrfti ekki nema eina langa vinnudeilu sem haft gæti veruleg áhrif á sjóði félagsins og betra væri

að hafa borð fyrir báru. Hann telur ekki ástæða til að breyta félagsgjaldi. Sissi spyr hvort til sé sérstakur verkfallssjóður félagsins og var honum bent á að Félagssjóður borgi mönnum laun í verkfalli, hann virkar því sem verkfallssjóður. Stjórnin tekur ákvörðun um hve háa upphæð á hverjum tíma er greidd út félagssjóði ef til verkfalls kemur og hve lengi. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að hafa félagsgjöld óbreytt að sinni.

Mál 6. ÁB fór yfir hugmyndir sem fram hafa komið um breytingar á lögum og uppbyggingu félagsins. Hugmyndir Pálma Gauta Hjörleifssonar voru ræddar og fór ÁB yfir þær tillögur lið fyrir lið en Pálmi sendi þær frá sér út í flotann og víðar nýverið og hafa þær verið til umræðu undanfarið hjá félagsmönnum. Meðal tillagna var að framkvæmdastjóri yrði ráðinn faglega og valinn af utanaðkomandi fyrirtæki t.d. Capasent og kosinn af félagsmönnum. Hann nefndi sjónvarpsvænan löglærðan mann. ÁB minnti á að stjórnin hefði hingað til séð um ráðningar þar sem leitað hefði verið eftir einstaklingi með þekkingu og reynslu af sjávarútvegi og skipstjórn.

Lög félagsins eins og flestra annara stéttarféлага gera ráð fyrir að stjórn, sem kosin er af félagsmönnum ráði framkvæmdastjóra. ÁB minnti einnig á að félagið væri með samning við lögfræðing sem formaður, framkvæmdastjóri og félagsmenn hafa aðgang að eftir þörfum.

Í áðurnefndum tillögum er m.a. einnig nefnt að hlutverk framkvæmdastjóra sé að mæta í fjölmiðla og koma vel fyrir í viðtölum fyrir hönd félagsins, fjölga í stjórn uppí 13, fjölga varamönnum í 5, allar meiriháttar ákvarðanir yrðu bornar undir stjórn, endurskoða styrki, setja þak á greiðslur til félagsins og lagfæra íbúðir þess, allir stjórnarmenn skuli vera starfandi skipstjórnarmenn og að lokum var gerð athugasemd við aldur stjórnarmanna, mætti vera meiri aldursdreifing í stjórninni.

Þess skal einnig getið, að krafa hefur verið uppi meðal félagsmanna, vegna máls Júlíusar Geirmundssonar, að segja upp þjónustusamningi við Jónas lögfræðing, það er ríkur vilji til þess meðal stéttarinnar eins og kom fram á fundinum.

Til að bregðast við hugmyndum um breytingar á lögum félagsins og fl. kynnti ÁB tillögur sem gerðar voru fyrir stjórnarfundinn í dag og bar þær upp.

Þar segir m.a.

„Í framhaldi af skjali frá Pálma Gauta Hjörleifssyni um hugmyndir að breytingu á stéttarfélagi, símtölum við hann og fundi með honum sem Árni Bjarnason, Guðlaugur Jónsson, Guðjón Guðjónsson og Árni Sverrisson sátu, leggur stjórnin fram eftirfarandi tillögur.

1. Stjórn FS samþykkir að formaður félagsins sendi Jónasi Þór Jónassyni lögfræðingi svohljóðandi uppsögn þjónustusamnings sem undirritaður var milli FFSÍ og löfræðistofunnar Lögmenn Jónas & Jónas Þór þann 10. desember 2004.

Reykjavík 14. janúar 2021,

Á stjórnarfundum Félags skipstjórnarmanna var mér falið að segja upp þjónustusamningi FS við Lögmennsstofu yðar Lögmenn Jónas & Jónas Þór frá 10. desember 2004.

Uppsagnarfræstur samningsins er 3 mánuðir. Stjórnin þakkar fyrir samstarfið á liðnum árum.

2. Stjórn FS samþykkir að formaður og framkvæmdastjóri félagsins komi með tillögur að nýjum lögfræðingi eða löfræðistofu fyrir félagið.

3. Stjórn FS tilnefni Guðjón Guðjónsson, Pálma Gauta Hjörleifsson, Sigbór Hilmar Guðnason og Árna Sverrisson í nefnd til þess að yfirfara lög félagsins. Þeir hafi í huga lög sambærilegrar starfsemi og hafi heimild til að fá aðstoð lögfræðings. Stefnt skal að því að þessari vinnu verði lokið fyrir aðalfund 2021 og komi tillögurnar sem lagabreyting frá stjórn. Stefnt skal að því að kjósa nýja stjórn félagsins árið 2024 samkvæmt nýjum lögum félagsins.
4. A. Stjórn FS felur framkvæmdastjóra að selja íbúð félagsins í Neðstaleiti og kaupa nýja/nýlega íbúð á útvarpsreitnum.
B. Stjórnin FS samþykkir að heimila framkvæmdstjóra og formanni að kanna forsendur fyrir að semja við innanhúss-arkitekt (hönnuð) um að yfirfara elstu íbúðir félagsins í þeim tilgangi að koma með tillögur (hugmyndir) og kostnaðaráætlun að endurbótum á þeim. Niðurstöður arkitektsins verði þegar að því kemur lagðar fyrir stjórn FS til ákvörðunar.
5. Stjórn FS samþykkir breytt fyrirkomulag á útleigu íbúða félagsins í Reykjavík, framvegis verða allar íbúðir leigðar út með líni, þ.e.a.s. Sængurfatnaði, handklæðum, tuskum osfrv. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að semja við Sólar ehf. á grundvelli tilboðs þeirra um ræstingaþjónustu sem felur í sér ræstingu og eftirlit íbúða félagsins í Reykjavík, auk þvottar á líni og rekstrarvörum“.

Mál 7. Rætt var um samning um loðnuveiðar sem Íslendingar, Færeyingar, Norðmenn og Grænlandingar gerðu með sér og þá skekkju gagnvart Íslendingum hvað veiðarnar varðar sem þyrfti að leiðrétta. Félagsmenn hafa lýst óánægju sinni með að fyrirhugaður 20 þúsund t upphafskvóti á loðnu lendi allur hjá Norðmönnum. Smugusamningurinn gerir ráð fyrir því að Íslendingar fái 4450 t af þorski í Barentshafi en á móti láta Íslendingar 17 þúsund t af loðnu á Íslandsmiðum. Meðal félagsmanna eru ólíkir hagsmunir og ferð það eftir því hvort menn stunda þorsk- eða loðnuveiðar. Ákveðið var að bíða með að senda stjórnvöldum áskorun þar um þar til nánari upplýsingar liggja fyrir frá Hafró.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 12:25